

15. gr.

56

Hreppsnefndin annast um geymslu óskilafjár og sendir lýsingu þess svo 12. maí fljótt sem auðið er til næstu hreppsnefnda.

16. gr.

Fyrir vöktun á óskilafje skal greiða fyrir hverja kind fjóra auru um sólarhringinn, þó aldrei yfir 1 kr. á kindina alls.

17. gr.

Hreppsnefndin annast um, að hjá hverjum rjettarbónda sje markaskrá sýslunnar, og markaskrár nærliggjandi sýslna, þar sem þörf gerist.

18. gr.

Greiða skal vöktunarkostnað óskilafjár, þegar þess er vitjað, annars er geymanda heimilt, að halda því, að minnsta kosti svo miklu af því sem geymslu-kostnaðinum nemur; og skal þannig kyrsett fje selt af hreppstjóra við opinbert uppboð og greiðir hann vöktunarkostnaðinn af andvirði þess, en stendur eiganda skil á afganginum að frádregnum uppboðskostnaði.

Amtsráð Vesturamtsins, Reykjavík 12. maí 1902.

J. Havsteen.

57

24. maí

Samþykkt

um

verndun og notkun skóga í Vesturbarðastrandarsýslu.

Amtmaðurinn yfir Suður- og Vesturömtunum gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 13. apríl 1894, um samþykktir til að friða skóg og mel, er hjermeð staðfest eptirfylgjandi

Samþykkt

um verndun og notkun skóga í Vesturbarðastrandarsýslu, og skal samþykktin, sem samín er af sýslunefndinni í nefndri sýslu, og sem hjeradsfundur hefir fallízt á, öðlast gildi 1. ágúst 1902.

1. gr.

Allur skógur í Vesturbarðastrandarsýslu, hverju nafni sem nefnist, skal hjereptir vera friðaður samkvæmt reglugjörð þessari.

2. gr.

Sýslunefnd útnefnir svo marga skóggæzlumenn, sem henni þykir við þurfa eptir mergð og stærð skóglendaanna. Skal að minnsta kosti einn skóggæzlumaður skipaður til að gæta hvers skóglendis og hafa umsjón með notkun

57 þess. Þess skal gætt, að eigi sjeu eigendur eða umráðamenn skóga skipaðir
24. maí skóggæzlumenn þess skóglendis, er þeir hafa til eignar eða umráða.

3. gr.

Enginn má taka upp skóg til eldsneytis, húsabyggingar eða annarar þess konar notkunar, nema eptir fyrirsögn eða undir umsjón hlutadeigandi skóggæzlumanns. Sje skógur höggvinn án þess skóggæzlumaður sje viðstaddur, er honum skylt að skoða skóginn þar sem höggvið var svo fljótt, sem því verður við komið. Sje skógur tekinn upp, skal það gjört á vori á tímabilinu frá 1. maí til 1. júlí og á hausti á tímabilinu frá 15. september til veturnótta.

4. gr.

Nú vill einhver taka upp skóg, skal hann þá með viku fyrirvara tilkynna hlutadeigandi skóggæzlumanni það, og er skóggæzlumanni þá skylt að gjöra nauðsynlegar rádstafanir til þess að fyrirætlum samþykktar þessarar um skógarhöggið sje fylgt. Skóggæzlumaður fær laun fyrir starfa sinn samkvæmt reikningi úrskurðuðum af sýslunefnd, þó svo, að daglaun ekki fari fram úr 3 kr., en sjálfur kosti skóggæzlumaður fæði og ferð. Greiðist helmingurinn af kaupi hans úr sýslusjóði, en hinn heiminginn greiðir sá, er skóg tekur.

5. gr.

Við upptöku skógar skal fylgt eftirfylgjandi reglum: Skógur sje aldrei rifinn heldur höggvinn, og eigi nær jörðu en svo að minnsta kosti 1—2 þumlungar sjeu eptir af stofninum upp frá jörðu. Þess skal gætt, að sniðhöggva hverja hríslu svo að sárið myndi einn hallflöt eða tvo hallfleti, er myndi bust í miðjum stofni. Sárið í stofninum má eigi vera ósljett eða úfið og ætti helst að tjargast. Hvert trje skal höggvið svo að eigi klofni eða rifni stúfurinn, sem eptir stendur. Þess skal gætt, að særa eigi nje lama neina hríslu, sem eptir á að standa. Aldrei má höggva hreint rjóður, heldur í mesta lagi aðra hvora hríslu, svo að runnurinn verði eigi viðáttuminni, en aðeins gisnari eptir að höggvið er. Þá er höggið er, skal velja til þess elztu og fúnustu hríslurnar. Aldrei má þó höggva allar stærstu hríslurnar í nokkrum runna, að eigi missi ungviðið skjóls. Ungviðið má aldrei höggva nema þar sem það er mjög þjett; þar má höggva svo sem þriðju hverja unga hríslu og þó aðeins þær, sem kræklóttastar eru og greinóttastar. Þar sem skógur er mjög gisinn, má ekkert höggva og ekki einu sinni gamlar hríslur og fúnar. Sje skóglendi einhverrar jarðar svo háttað, að þar sje aðeins mjög gisinn skógur, eða skóginum að öðru leyti sjerleg hætta búin af skógarhöggi, má sýslumaður í samráði við skóggæzlumann banna alla skógartöku í þeirri landareign. Þar sem sandur eða uppblásin jörð gengur að skógi, má alls ekki höggva neitt við þann jarðar, hversu þjettvaxinn sem skógurinn er, og sömuleiðis skal varast að höggva skóg af hæðum, sem veita skjól.

6. gr.

Hreppstjórnir í Vesturbarðastrandarsýslu skulu hver í sínum hreppi

hafa eptirlit með því, að samþykkt þessari sje hlýtt, og að skóggæzlumenn gæti skyldu sinnar í meðferð skóganna. 57
24. maí

7. gr.

Vilji einhver kæra brot gegn samþykkt þessari, skal fyrst skýra hlutaðeigandi hreppstjóra frá því, og skal hann, þegar er hann fær viðkomið, skoða skóginn, þar sem grunur leikur á að brotið hafi verið og leita sjer allra þeirra upplýsinga um málið, er hann má. Telji hann ástæðu til að hefja rannsókn, kærir hann brotið til sýslumanns. Brjótí hreppstjóri sjálfur gegn samþykkt þessari, kæri einn eða fleiri skóggæzlumenn hann fyrir sýslumanni.

8. gr.

Skóggæzlumenn skulu innan hverra ársloka senda hlutaðeigandi hreppstjóra skýrslu um ástand þess skóglendis, sem þeim er skipað til gæzlu, hvort það sje í framför eða apturför, og af hverjum orsökum ætla má, að framförin eða apturförin stafi, hverjir og hve mikið hver hafi höggvið í skógnum oghvort skógurinn hafi verið beittur mikið o. s. frv. Hreppstjóri semur í janúarmánuði, aðalskýrslu um ástand allra skóganna í hreppi sínum og sje sú skýrsla ásamt skýrslum skóggæzlumanna lögð fyrir næsta sýslufund.

9. gr.

Heimilt er sýslunefnd að veita einstökum mönnum eða hreppsþjelögum styrk úr sýslusjóði til skógræktartilrauna eða verðlaun fyrir skógrækt eptir tillögum hreppstjóra og eins eða fleiri skóggæzlumanna.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varði 5—100 kr. sekt og renna tveir þriðjungar sektarfjárins í sýslusjóð, en einn þriðjungur þess til uppljóstrarmanns.

11. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal fara sem opinber lögreglumál.

Þetta er hjermeð kunngjört öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Vesturamtið, Reykjavík 24. maí 1902.

J. Havsteen.